

Fjarðabyggð
Aron Leví Beck Rúnarsson, skipulagsfulltrúi
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 15. júní 2023
Tilvísun: 202305076 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi ofanflóðavarna á Norðfirði Nes- og Bakkagil, Fjarðabyggð

Fjarðabyggð hefur, með erindi dags. 24. maí 2023, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í bæjarstjórn 27. apríl 2023 og varðar tillögu að deiliskipulagi ofanflóðavarna á Norðfirði, Nes- og Bakkagil.

Samkvæmt lýsingunni sem er dagsett 25. apríl 2023 er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag sem felur í sér ofanflóðavarnir ofan Bakka- og Mýrarhverfis sem munu samanstanda af 730 m löngum þvergarði og keilum ásamt uppbyggingu stíga og gönguslóða. Deiliskipulagssvæðið er um 23 ha að stærð.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum og hvernig staðið verður að gerð og umhverfismati tillögunnar.

Sigríður Björk Jónsdóttir

